



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01413/AIG-10**

Dags: **23. júní 2013**

Staður: **Húsavík**

Lýsing: **Viltist af leið og lenti á röngum flugvelli**

Flugmaður TF-HER (Piper PA-28-140) hugðist fljúga frá Reykjavíkflugvelli og til flugvallarins á Sauðárkróki. Á leiðinni yfir hálendið viltist flugmaðurinn verulega af leið. Þegar flugmaðurinn nálgast flugvöllinn á Sauðárkróki, að hann taldi, sagðist hann ætla að yfirfljúga flugvöllinn á Sauðárkróki á landstíðninni (118,1) og að hann ætlaði svo að lenda á flugbraut 03. Á flugvellingum á Húsavík heyrðu bæði flugradiómaður í turni sem og flugmenn innanlandsflugvélar FEI773 þessi skilaboð. Þar sem minnst var á annan flugvöll á Norðurlandi, töldu þeir skilaboðin ekki eiga við sig. Flugradiómaður í turninum á Húsavík gaf því flugmönnum FEI773 upplýsingar til að aka í brautarstöðu á flugbraut 03. Í kjölfarið lenti TF-HER á flugbraut 03 á Húsavíkflugvelli. Flugvél TF-HER rýmdi flugbraut 03 á meðan flugvél FEI773 var að aka af hlaði í átt að flugbraut 03. Í ljós kom að flugmaður TF-HER, sem var í yfirlandsflugi, hafði viltst verulega af leið og taldi sig vera að lenda á flugvellingum á Sauðárkróki, þegar hann lenti á flugvellingum á Húsavík.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.